

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað úr breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a í bráðabirgða- ákvæðum þús. kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b í bráðabirgða- ákvæðum þús. kr.
Grunnfjárhæð skv. lögnum, svarar til verkamannakaups í maí 1977, á gildistöku tíma laganna	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:		
1. des. 1978	4 276	12 827
1. mars 1979	4 569	13 708
1. júní 1979	5 093	15 279

Samgönguráðuneytið, 22. júní 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

20. júní 1979.

Nr. 287.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Grundarteigur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. júní 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

Eigendur jarðarinnar Klafastaða í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, Ásta Þorsteinsdóttir, Guðmundur Þorsteinsson og Kristmundur Þorsteinsson

hafa sett svofellda

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnun, sem þau setja á fót.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin er sett á fót til að vera frambúðareigandi hluta úr landi jarðarinnar Klafastaða, sem landeigendur ráðstafa til skógræktar með sérstökum gerningi. Stofnunin skal nefnast Grundarteigur.

2. gr.

Markmið landeigenda með þessari ráðstöfun er að sveitungar þeirra og grannar í járnblendiverksmiðjunni að Grundartanga geti á komandi árum notið þess að sjá skóg vaxa upp í því fagra umhverfi sem þeir lifa og starfa í og gefa þeim þannig verðmæti, sem eru önnur og meiri en svo að þau verði metin til fjár.